



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

***Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011***

5

Í samráðsgátt stjórnvalda við almenning er veittur frestur til umsagnar við frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum, og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, sem fyrirhugað er að leggja fram á Alþingi. Frumvarpið er samið af hálfu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Samkvæmt aðfararorðum í greinargerð frumvarpsins er því ætlað að styrkja lögbundið hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og regluverk hans ásamt því að skýra heimildir laganna til skerðinga á framlögum úr sjóðnum í samræmi við dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 34/2018 frá 14. maí 2019.

Reykjavíkurborg fagnar því markmiði frumvarpsins að festa í lög reglur sem fjalla um lögbundna tekjustofna sveitarfélaga. Að mati Reykjavíkurborgar felur markmiðið í sér nauðsynlega réttarbót að því leyti til en með því er verið að færa lagaumhverfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til samræmis við lagaáskilnaðarreglur 78. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Á hinn bóginn telur Reykjavíkurborg tillagðar reglur frumvarpsins samkvæmt 3. gr. og 4. gr. þess ekki standast jafnræðisreglu stjórnskipunarinnar, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og fela í sér ómálefnalegar takmarkanir á úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Reykjavíkurborgar. Jafnframt gerir Reykjavíkurborg alvarlegar athugasemdir við þá tillögu frumvarpsins að kröfur tiltekinnar sveitarfélaga sem tilkomnar eru vegna mistaka við lagasetningu verði greiddar af ráðstöfunarfé sjóðsins, sbr. 9. gr. frumvarpsins, í stað þess að íslenska ríkið leggi fram fjármagn til að mæta þeim.

Í eftirfarandi umfjöllun verður fjallað nánar um athugasemdir Reykjavíkurborgar við 3. gr., 4. gr., 6. gr. og 9. gr. frumvarpsins, ásamt því að lagðar eru til breytingar varðandi úthlutun Jöfnunarsjóðs á framlögum vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti samkvæmt d.-lið 1. mgr. 11. gr. núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Um 3. gr.

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að í stað 12. gr. núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga komi þrjár nýjar greinar, þ.e. 12. gr., 12. gr. a. og 12. gr. b. Umræddum ákvæðum er ætlað að lögfesta reglur um útreikninga á jöfnunarframlögum, þ.e. annars vegar tekjujöfnunarframlag og hins vegar útgjaldajöfnunarframlag. Slíkar reglur er nú að finna í reglugerð nr. 1088/2018

um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Í 3. gr. a. frumvarpsins segir að á grundvelli skrár um fullnýtingu tekjustofna sveitarfélaga skuli reikna út meðaltekjur sveitarfélaga annars vegar á hvern íbúa í Reykjavíkurborg og hins vegar í viðmiðunarflokkum eftir íbúafjölda annarra sveitarfélaga. Í frumvarpi til laganna kemur hvergi fram hvort og þá af hvaða ástæðu það sé talið vera málefnalegt eða nauðsynlegt að reikna sérstaklega út meðaltekjur á hvern íbúa í Reykjavík og með því setja Reykjavík eitt sveitarfélag í sérstakan viðmiðunarflokk við útreikning á framlögum. Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að af þessu fyrirkomulagi leiði mismunun á grundvelli ómálefnalegra forsendna.

Þá segir í 3. gr. b. frumvarpsins að tekjujöfnunarframlögum skuli úthlutað til að jafna tekjur sveitarfélaga. Fram kemur að útreikningur framlaga skuli miða við sveitarfélög að sambærilegri stærð og fullnýtingu tekjustofna þeirra og er í því samhengi vísað til 3. gr. a. frumvarpsins, þ.e. skrá um fullnýtingu tekjustofna sveitarfélaga.

Um útgjaldajöfnunarframlög segir í 3. gr. c. frumvarpsins að þeim skuli varið til að mæta mismunandi útgjaldaþörf sveitarfélaga á grundvelli stærðarhagkvæmni og tekna þeirra, að teknu tilliti til þeirra landfræðilegu og lýðfræðilegu þátta sem almennt hafa áhrif á útgjaldaþörf. Í 2. mgr. 3. gr. c. í frumvarpinu segir að skerða skuli framlög til sveitarfélaga þar sem reiknaðar meðaltekjur sveitarfélaga á hvern íbúa, miðað við fullnýtingu tekjustofna sveitarfélags, eru 4% yfir meðaltali í hverjum viðmiðunarflokk samkvæmt 3. gr. a. frumvarpsins. Í þessu sambandi bendir Reykjavíkurborg á að meðaltekjur á íbúa í Reykjavík voru 778 þ.kr. árið 2018 eða í 16. sæti á landsvísu, en vegnar meðaltekjur voru um 730 þ.kr. fyrir öll sveitarfélögin.

Reykjavíkurborg telur ljóst að með því að setja Reykjavík eitt sveitarfélag í sérstakan flokk þá sé Reykjavík beitt sérstakri reiknireglu við útreikning á framangreindum framlögum. Ekki verður betur séð en að tillögð reikniregla frumvarpsins sé efnislega sambærileg reglu 13. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Með þeirri reiknireglu hefur Reykjavík verið útilokuð frá því að geta hlotið tekjujöfnunarframlög. Einnig hefur reiknireglan leitt til þess að útgjaldajöfnunarframlög til Reykjavíkur hafa verið skert verulega umfram það sem önnur sveitarfélög landsins, sbr. 14. gr. reglugerðarinnar, þurfa að þola.

Að mati Reykjavíkurborgar er því tillögð reikniregla, þess efnis að reikna sérstaklega meðaltekjur á hvern íbúa í Reykjavík eitt sveitarfélag, í andstöðu við jafnræðisreglu stjórnskipunarinnar, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Hvorki í ákvæðum frumvarpsins né í skýringum sem er að finna í greinargerð með frumvarpinu er að finna hvaða hlutlægu og málefnalegu sjónarmið eigi að búa að baki mismunun gagnvart Reykjavík að þessu leyti. Þá verður mismunun þessi tæplega réttlætt með vísan til þess að aðstæður Reykjavíkur séu frábrugðnar öðrum sveitarfélögum landsins þar sem Reykjavík sinnir öllum sömu lögbundnu verkefnum og önnur sveitarfélög.

Þá gerir Reykjavíkurborg jafnframt athugasemdir við skort á skýrleika og fyrirsjáanleika hinna þriggja nýju ákvæða frumvarpsins, þ.e. 3. gr. a, 3. gr. b. og 3. gr. c. Um er að ræða ákvæði sem fjalla um tilhögun útreiknings framlaga sem úthlutað er af skattfé. Eðli málsins samkvæmt er því gerður ríkari áskilnaður til meiri skýrleika og fyrirsjáanleika slíkra ákvæða en almennt á við. Sem dæmi um framangreinda annmarka má nefna að í 3. mgr. 3. gr. a. frumvarpsins er kveðið á um heimild til handa Jöfnunarsjóði til þess að undanskilja tekjur sem sveitarfélög hafa af álagningu einstakra fasteigna við útreikning meðaltekna, ef umræddar tekjur hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi viðmiðunarflokks. Í ákvæðinu er ekki mælt fyrir um hvað telst vera veruleg áhrif í þessu sambandi eða hvaða

meginreglur skuli gilda að öðru leyti við beitingu ákvæðisins. Umræddur útreikningur hefur áhrif á framlög Jöfnunarsjóðs til einstakra sveitarfélaga á grundvelli ákvæða 3. gr. b. og 3. gr. c. frumvarpsins. Því verður að telja að það orki tvímælis hvort í umræddum ákvæðum felist of viðtækt framsal löggjafans til Jöfnunarsjóðs.

Samkvæmt 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar skulu tekjustofnar sveitarfélaga og nýting þeirra ákveðin með lögum. Í niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í fyrrnefndu máli nr. 34/2018, er ákvæði 2. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar túlkað á þann veg að lagaáskilnaðarregla ákvæðisins feli það í sér að ekki sé unnt að fella niður tekjustofna sveitarfélaga í heild eða hluta nema með lögum. Í því felst óhjákvæmilega að öll lagaákvæði um úthlutun og útreikning framlaga Jöfnunarsjóðs verði að vera skýr og fyrirsjáanleg.

Með hliðsjón af framangreindu leggur Reykjavíkurborg því til að í stað þess að beita Reykjavík annarri reiknireglu en öll önnur sveitarfélög landsins verði lögfest sanngjarnt og hlutlægt viðmið við útreikning framangreindra framlaga sem taki til allra sveitarfélaga, þ.m.t. Reykjavíkur. Með því fyrirkomulagi yrði réttur Reykjavíkur til framlaga þessara metinn út frá sömu sjónarmiðum og réttur annarra sveitarfélaga landsins til þeirra.

#### Um 4. gr.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins er lagt til að í stað 13. gr. núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga komi tvær nýjar málsgreinar. Í umræddum málsgreinum er mælt fyrir um að tilteknum tekjum Jöfnunarsjóðs vegna reksturs grunnskóla skuli varið til að jafna útgjaldabætur sveitarfélaga vegna kostnaðar þeirra af rekstri grunnskóla. Í ákvæðinu er framlögum skipt í fjóra flokka, þ.e. almenn jöfnunarframlög, framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda, framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál og önnur framlög sem tengd eru rekstri grunnskóla. Í lokamálsgrein ákvæðis 4. gr. frumvarpsins segir að framlög þessi renni ekki til Reykjavíkurborgar nema á grundvelli sérstaks samnings.

Reykjavíkurborg telur umrætt ákvæði 4. gr. frumvarpsins að sama skapi ekki standast jafnræðisreglu stjórnskipunarinnar, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Er enda með ákvæðinu gert ráð fyrir því að Reykjavík verði útilokuð frá því að fá úthlutað umræddum framlögum vegna reksturs grunnskóla nema sérstakur samningur kveði á um annað.

Þá telur Reykjavíkurborg að í umrætt ákvæði 4. gr. frumvarpsins skorti umfjöllun um hvernig skuli úthluta framlögum vegna sérþarfa fatlaðra nemenda, framlögum vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál og öðrum framlögum sem tengd eru rekstri grunnskóla. Reykjavíkurborg telur að í ljósi lagaáskilnaðarreglna 78. gr. stjórnarskrárinnar þá sé nauðsynlegt að lögfesta ákvörðunarforsendur úthlutunar slíkra framlaga. Ekki nægir í þeim efnum að mæla fyrir um slík viðmið í ákvæðum reglugerðar eða eftir atvikum vinnureglum settum á grundvelli ákvæða reglugerðar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hægt sé að gera sérstakan samning um framlög til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði. Jafnvel þótt Reykjavíkurborg geri ekki athugasemdir við slíkt heimildarákvæði og hafi verið með samning um rekstur sérskóla ríkisins og greiðslur vegna reykvískra nemenda með sérþarfir frá yfirfærslu grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996, þá telur Reykjavíkurborg engu að síður eðlilegra og málefnalega að Reykjavíkurborg eigi rétt á því að fá úthlutað framlögum þessum á grundvelli sömu viðmiða og önnur sveitarfélög landsins. Í því felst að úthlutun fer fram á grundvelli faglegs mats á nemendum með sérþarfir í grunnskólum Reykjavíkur, í stað þess að Reykjavíkurborg sé háð því að samningur verði gerður um þessi framlög. Þá væri með setningu slíkra viðmiða gætt að jafnræði enda ætti þá Reykjavík, líkt og önnur sveitarfélög, möguleika á því að fá úthlutað framlögum úr

Jöfnunarsjóði á grundvelli hlutlægra og málefnalegra sjónarmiða í stað þess að vera eitt sveitarfélag háð því að samningar takist við Jöfnunarsjóð um slík framlög. Vakin er sérstök athygli á því að samkvæmt ákvæðum frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir því að um skyldu til samningsgerðar sé að ræða gagnvart sveitarfélögum í þessu tilliti.

Þá leiðir þetta ákvæði til þess að Reykjavíkurborg fær hvorki úthlutað úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga framlögum vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál né almennum jöfnunarframlögum. Að mati Reykjavíkurborgar standa engin rök til þess að undanskilja Reykjavík eitt sveitarfélag frá slíkum framlögum. Sem dæmi má nefna að einsýnt þykir varðandi framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál að sami kostnaður fylgir hverjum slíkum nemenda á landsvísu. Þá verður að telja að almenn jöfnunarframlög, sem ætlað er að mæta launakostnaði vegna stjórnunar og kennslu í grunnskólum, eigi jafnt að koma til úthlutunar til Reykjavíkur, eins og annarra stærri sveitarfélaga, enda er kostnaðurinn hjá þeim áþekkur vegna þessa.

Reykjavíkurborg leggur því til að efni 4. gr. frumvarpsins verði breytt á þann veg að sömu viðmið, sem fyrirhugað er samkvæmt frumvarpinu að eigi við um önnur sveitarfélög, verði einnig lögð til grundvallar við úthlutun framlaga til Reykjavíkur vegna reksturs grunnskóla. Hvergi í frumvarpinu er kveðið á um markmið þessarar mismununar sem ákvæði 4. gr. frumvarpsins felur að óbreyttu í sér gagnvart Reykjavík eða um önnur eðlileg og hlutlæg sjónarmið sem kunna að réttlæta hana. Skortir áþreifanlega á slík rök í ljósi þess hvaða afleiðingar mismununin hefur í för með sér fyrir Reykjavík. Af þessum sökum er ekki unnt að álykta annað en að ákvæði 4. gr. frumvarpsins feli í sér ólögsmæta mismunun gagnvart Reykjavík.

#### Um 6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt til annars vegar í 6. gr. a. að 3. másl. 18. gr. núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga falli á brott og hins vegar í 6. gr. b. að á eftir 1. mgr. 18. gr. sömu laga bættist við ný málsgrein sem er svohljóðandi:

*„Ekki skal úthluta jöfnunarframlagi skv. d-lið 11. gr., 12. gr. a og 12. gr. b og 1. mgr. 13. gr. til þeirra sveitarfélaga þar sem samanlagðar heildarskatttekjur af útsvari og fasteignaskatti á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna eru 50% umfram meðaltekjur annarra sveitarfélaga í sama viðmiðunarflokki, sbr. 12. gr. laganna.“*

Reykjavíkurborg tekur undir tillögu frumvarpsins þess efnis að lögfesta heimild til útilokunar verulega tekjuhárna sveitarfélaga frá því að hljóta framlög úr sjóðnum, enda er þá um að ræða mismunun sem byggir á hlutlægum og málefnalegum grunni. Þá tekur Reykjavíkurborg undir nauðsyn þess að tilgreina í ákvæði 6. gr. frumvarpsins viðmið í prósentustigum, líkt og gert er í framangreindu ákvæði.

Á hinn bóginn áréttar Reykjavíkurborg þá gagnrýni sem fram kemur í umfjöllun um 3. gr. frumvarpsins hér að framan um þá tilhögun að Reykjavíkurborg sé eitt sveitarfélag sett í sérstakan viðmiðunarflokk. Í því samhengi þá verður ákvæði þessu ekki beitt gagnvart Reykjavíkurborg þar sem ekki er hægt að bera tekjur Reykjavíkurborgar saman við tekjur annarra sveitarfélaga samkvæmt ákvæði 3. gr. a. frumvarpsins, þar sem ekkert annað sveitarfélag er í sama viðmiðunarflokki og Reykjavík.

#### Um 9. gr.

Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fengin heimild til þess

að halda eftir tekjum sjóðsins, allt að 1.000 milljónum kr. á hverju ári á tímabilinu 2020-2035, að undanskildum þeim tekjum er renna til málefna fatlaðs fólks og reksturs grunnskóla. Í greinargerð með frumvarpinu segir að tillaga þessi sé sett fram vegna tilvonandi sameininga sveitarfélaga sökum fyrirhugaðrar kröfu um lágmarksfjölda íbúa sveitarfélaga. Reykjavíkurborg telur ljóst að með þessu fyrirkomulagi muni tekjujöfnunarframlög og útgjaldajöfnunarframlög til sveitarfélaga lækka verulega á samsvarandi tímabili. Reykjavíkurborg telur að efast megi um hversu forsvaranleg sú tilfærsla sé og telur réttara að sjóðurinn fái sérstaka fjármuni til að standa straum af kostnaði við þetta verkefni, enda mun það til lengri tíma skila af sér aukinni hagkvæmni.

Með 2. mgr. 9. gr. frumvarpsins er lagt til að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði heimilt að nýta allt að 1.300 milljónir kr. úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að mæta kröfum fimm sveitarfélaga sem sögð eru hafa fengið greidd of lág framlög úr Jöfnunarsjóði á árunum 2013-2018. Fyrirhugað er að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði veitt heimild til þess að halda eftir að hámarki 1.300 milljónum kr. af heildarframlögum Jöfnunarsjóðs árin 2020-2026 sem í stað þess að vera ráðstafað beint til sveitarfélaga skuli renna til Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Í athugasemd við 9. gr. í greinargerð með frumvarpinu kemur fram, að um sé að ræða kröfur fimm sveitarfélaga sem að sögn urðu ekki ljósar fyrr en með áður nefndum dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 34/2018 frá 14. maí 2019. Þá segir að niðurstaða Hæstaréttar í framangreindu máli hafi einnig haft það í för með sér að öll önnur sveitarfélög landsins hafi fengið greidd of há framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á sama tímabili, en sú fullyrðing er ekki rökstudd frekar í athugasemdum. Í tilvitnaðri athugasemd segir enn fremur að með 9. gr. frumvarpsins sé verið að veita Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sérstaka og skýra heimild til þess að „koma til móts við umræddar ofgreiðslur og tilgreina með nákvæmum hætti hvernig uppgjörinu verður háttáð“ .

Að mati Reykjavíkurborgar er ótækt að skerða lögbundna tekjustofna sveitarfélaga vegna handvammur sem varð við lagasetningu, en niðurstaða Hæstaréttar í framangreindu máli byggist á því að ráðherra hafi verið framselt of víðtækt ákvörðunarvald með lagasetningu. Umrætt mál var höfðað á hendur íslenska ríkinu og því var íslenska ríkinu gert að greiða umkrafðar fjárhæðir en aðild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafði áður verið vísað frá í málinu af hálfu Landsréttar, án sérstakra athugasemda Hæstaréttar þegar málið var rekið þar. Krafa umræddra sveitarfélaga er því á hendur ríkissjóði en ekki Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jafnframt hvílir ábyrgð á því að lagasetning fullnægi ákvæðum stjórnarskrár hverju sinni hjá íslenska ríkinu en ekki hjá sveitarfélögum.

Þá liggur ekki fyrir að sveitarfélög hafi fengið ofgreidd framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, líkt og haldið er fram í athugasemd í greinargerð við 9. gr. frumvarpsins. Engin gögn eða útreikningar liggja fyrir sem sýna með óyggjandi hætti að ótilgreind sveitarfélög hafi fengið ofgreidd framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Því bendir ekkert annað til þess en að sveitarfélög landsins hafi tekið við framlögum úr Jöfnunarsjóði í góðri trú um réttmæti þeirra. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að lokagreiðslur einstakra framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga er frestað fram yfir áramót hvers úthlutunarárs til að allar forsendur liggja ljósar fyrir við endanlega afgreiðslu þeirra. Því verður að telja óvíst að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eða eftir atvikum íslenska ríkið kunnir hugsanlega að eiga kröfur á hendur sveitarfélögum vegna ætlaðrar ofgreiðslu framlaga.

Reykjavíkurborg telur því rétt að íslenska ríkið standi sjálf að greiðslu umræddra krafna sveitarfélaganna fimm úr ríkissjóði, án þess að það komi til skerðinga á framlögum til

sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Um framlög til jöfnunar tekjutaps vegna lækkunar fasteignaskattstekna.

Í frumvarpinu er ekki lögð til breyting á ákvæði d.-liðar 1. mgr. 11. gr. núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga. Umrætt ákvæði mælir fyrir um ráðstöfun tiltekinna tekna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna.

Á grundvelli 18. gr. núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga setti félagsmálaráðherra hinn 30. janúar 2001 reglugerð nr. 80/2001 um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti. Reglugerð þessi fjallar um úthlutun framlags samkvæmt d.-lið 1. mgr. 11. gr. laganna. Vakin er sérstök athygli á því að í 18. gr. tilvitnaðra laga er ekki að finna heimild til handa ráðherra til þess að útiloka tiltekin sveitarfélög frá því að hljóta framlög samkvæmt d.-lið 1. mgr. 11. gr. sömu laga.

Í 3. gr. reglugerðar nr. 80/2001 er mælt fyrir um í hvaða tilvikum eigi að greiða sveitarfélögum framlög vegna lækkunar fasteignaskattstekna en við ákvörðun um úthlutun til einstakra sveitarfélaga er m.a. byggt á afskrifuðu endurstofnverði húsa og mannvirkja annarra en sumarhúsa og útihúsa í sveitum margfölduðu með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík, sbr. einnig 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar. Með því að miða við markaðsstuðul fasteigna í Reykjavík sem grunn til margföldunar með afskrifuðu endurstofnverði húsa og mannvirkja þá er Reykjavík eitt sveitarfélaga útilokað frá því að eiga möguleika á því að fá úthlutað umræddu framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Að mati Reykjavíkurborgar er úthlutun framlagsins sömu annmörkum háð hvað varðar lagastoð og jafnræði við úthlutun og þau framlög er frumvarpið leggur til lagabreytingar á og hefur verið fjallað um hér að framan. Þar sem er um að ræða ólögmdæta mismunun leggur Reykjavíkurborg til að lögfestar verði sanngjarnar og hlutlægar úthlutunar- og reiknireglur fyrir úthlutun framlaga samkvæmt d.-lið 1. mgr. 11. gr. núgildandi laga um tekjustofna sveitarfélaga. Með tilvitnaðri breytingu yrði komið á lögmætu fyrirkomulagi þannig að Reykjavíkurborg ætti möguleika á því að fá úthlutað framlagi þessu eftir sama mælikvarða og önnur sveitarfélög landsins. Slíkar reglur kæmu því í stað núgildandi úthlutunar- og reiknireglna samkvæmt reglugerð nr. 80/2001 sem, eins og áður greinir, útilokar Reykjavík frá því að hljóta umrætt framlag.

Fyrir hönd Reykjavíkurborgar,



Ebba Schram  
borgarlögmaður